




Með því að vera í góðu sambandi við Smith og Norland, tengist þú gæðum í vöru og þjónustu

Fréttabréf Smith & Norland




Vörulistinn er kominn út

Smith & Norland hefur nú gefið út nýjan 502 síðna **vörulista** sem sýnir að mestu leyti þann rafbúnað sem fyrirtækið á jafnan til á lager og kalla má **almennt raflagnaefni og lýsingarbúnað**. Vörulistinn skiptist í 13 kafla og á eftir að reynast notadrjúgur öllum þeim sem vinna við skipulag og frágang raflagna, jafnt rafhönnuðum, arkitektum og rafiðnaðarmönnum.

Verk sem þetta er ekki hrist fram úr erminni á einum degi. Vinnsla vörulistans hefur tekið langan tíma og hafa starfsmenn **Smith & Norland** eytt ófáum vinnustundum í samstarfi við starfsmenn Prentsmiðjunnar Odda og Guðjón Hafliðason, grafískan hönnuð, í því skyni að skila sem bestu verki. Vörulistinn á ábyggilega eftir að nýtast öllum **fagmönnum á rafmagnssviði** vel í störfum þeirra. Hvetjum við þá til að koma í heimsókn og fá eintak.


Litrík þjónusta



Smith & Norland er traust, öflugt og framsækið fyrirtæki með margra áratuga reynslu af innflutningi og sölu hvers kyns rafbúnaðar. Má þar nefna búnað fyrir orkufyrirtæki til að vinna, flytja og dreifa raforku, raflagnaefni og lýsingarbúnað fyrir íbúðar-, skrifstofu- og iðnaðarhúsnæði, lágspennurofabúnað, iðnstýrivélar, fjarskiptabúnað, lækningatæki og heimilistæki.

Smith & Norland leggur áherslu á vandaðar vörur og trausta faglega ráðgjöf.

Kaflar nýja vörulistans eru 13 og hafa þessi heiti: Vír, snúrur og strengir. Tengibúnaður og festiefni. Raflagnakerfi. Töfluskápar og skinnukerfi. Varbúnaður og töflurofar. Rofa- og tenglaefni. Dyrasímar og vaktbjöllur. Hitunarbúnaður og víftur. Rofabúnaður og iðnstýringar. Lýsingarbúnaður. Hússtjórnarkerfi. Fjarskipta- og loftnetskerfi. Mælitæki og verkfæri.



Í tilefni útkomu listans höldum við húllumhæ-teiti hjá Smith & Norland föstudaginn 19. ágúst frá 17.30 til 20.00. Allt verður á léttu nótonum. Allir fagmenn eru boðnir velkomnir á staðinn.

SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 • 105 Reykjavík
Sími 520 3000 • www.sminor.is

Allir þættir litríkrar þjónustu

Hjá Smith & Norland fær rafiðnaðarmaðurinn á einum stað allar þær vörur sem hann þarfnast í starfi sínu, hvort sem verið er að vinna í íbúðar-, skrifstofu- eða iðnaðarhúsnæði.



Vír, snúrur og strengir.

Þræðir og leiðslur gegna enn veigamiklu hlutverki í rafmagnsbransanum, enda þótt orðið þráðlaus sé lykilorð á sumum sviðum rafmagnsfræðinnar. Allir rafmagnsmenn þurfa sinn vír og sína strengi. Smith & Norland leggur þeim lið með því að útvega allt frá grönnum vír upp í trjábolsgilda strengi.

Stórfyrirtækið Nexans er stærsti strengframleiðandi í Evrópu með verksmiðjur í mörgum löndum. Nexans er aðalbirgir Smith & Norland á þessu sviði. Til að tryggja hagkvæm innkaup skiptum við ávallt beint við hinar fjölmörgu verksmiðjur Nexans, nú um stundir í Noregi, Svíþjóð, Þýskalandi og Frakklandi. Til að auka sveigjanleika okkar á þessu sviði kaupum við einnig inn nokkrar strenggerðir frá ConCab Kabel í Þýskalandi, einkum ýmiss konar iðnaðarstýringstrengi og sérstrengi til notkunar í verksmiðjum.

Tengibúnaður og festiefni.

Rofadósir, töflustútar og rörhólkar frá Norwesco, tengidósir frá Hensel og OBO Bettermann, rörspennur, strengbönd, múrboltar og stútar frá OBO Bettermann, tengiklemmur frá Werit, strengskór frá druseidt, plaströr frá PipeLife, einangrunarbönd og herpihólkar frá Cellpack – allt eru þetta vörur sem rafiðnaðarmaðurinn þarfnast í daglegu amstri sínu.



Raflagnakerfi.

Lagnarennur frá Tehalit hafa verið notaðar hérlendis í hátt á fjórða áratug með frábærum árangri. Sérhver rafvirki þekkir gæði tengla- og strengrennanna frá Tehalit og veit hve þægilegar þær eru í uppsetningu. Frá OBO Bettermann seljum við síðan netstiga, skipabakka, strengbakka, strengstiga og gólf-lagnakerfi. Þeir hjá OBO vita sannarlega hvað þeir syngja.






Töfluskápar og skinnukerfi.

Margur rafiðnaðarmaðurinn finnur fyrir ánægjukennd þegar skoðað er úrval greinikassa, plastkassa, greinitaflna, veggskápa og gólfskápa frá Hensel og Siemens sem í boði er hjá Smith & Norland. FLAT-PACK töflurnar frá Siemens eru ósamsettar og er því hægt að festa allan búnað á bakplötuna og ganga frá víringum áður en gaflar og hliðar eru settar á. Samsetning er mjög auðveld og fljótvirk. Ekki tekur síðra við þegar rakið er allt það vöruval frá Rittal, sem jafnan er til á lager hjá okkur. Rittal er nánast orðið að hugtaki í rafmagnsfræðunum, því að Rittal-búnaðurinn vinnur hug hvers manns sem með hann vinnur. Gildir þá einu hvort um er að ræða tengikassa og tengiskápa, gólfskápa og fylgihluti fyrir þá, vegg- og gólfskápa fyrir rafeindabúnað eða safnskinnukerfi. Rúsínan í pylsuendanum í þessum kafla er svo vissulega hið öfluga skinnukerfi frá Siemens, SIVACON 8PS.



Varbúnaður og rofabúnaður í töflur.

Nafninu Siemens fylgja hugtök eins og traust, áreiðanleiki, gæði, glæsileg hönnun og yfirburðatækni. Allt frá upphafi hefur Siemens verið í fararbroddi í framleiðslu varbúnaðar á borð við sjálfvör og lekalíða. Það er eitthvað traustvekjandi við að horfa inn í töflu og sjá nafnið Siemens á þeim búnaði sem þar er fyrir. Það er óþarfi að láta staðar numið við sjálfvörin og lekalíðana; gamla góða Siemens-merkið ætti einnig að standa á töflurofunum, fjarrofunum, segulrofunum, rafliðunum, stigabiðrofunum, fjöltímalíðunum, rofaklukkunum, töflutenglunum, töfluljósunum, tímateljurunum og öðru því sem fer í töfluna. Þér líður betur með traustan búnað frá Siemens í töflunni.



Rofa- og tenglaefni.

Klær, taugartenglar, fjöltengi, tenglakassar, vinnutöflur og framlengingarsnúrur eru meðal þess efnis sem boðið er upp á í þessum kafla. Einnig áfella rofa- og tenglaefnið frá

Norwesco sem þekkt er fyrir gæði og góða hönnun. Þau orð gilda einnig um innfellda rofa- og tenglaefnið frá Siemens sem ber safnheitið DELTA og hefur séð um að rjúfa straum og tengja hjá landanum lengur en elstu menn muna. Nú eru í boði sex glæsilegar útfærslur í fjölmörgum litum svo að all-ir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi þegar valið er rofa- og tenglaefni, hvort heldur sem er fyrir vinnustaði, sumarhús eða heimili. Iðnaðartengiefni og vinnutöflur frá PCE í Austurríki og iðnaðarsamtengi frá Harting í Þýskalandi kóróna svo þessa glæsilegu upp-
töflingu.



Dyrasímar og vaktbjöllur.

Í Svartaskógi í Suður-Þýskalandi er dyrasímafyrirtækið Siedle & Söhne, sem fengið hefur fleiri viðurkenningar fyrir glæsilega hönnun en flest önnur fyrirtæki. Það er samt lítið gagn af fallega hönnuðu yfirborði ef undir því er ekki gæðabúnaður. Þegar Siedle á í hlut fer þetta tvennt sannarlega saman. Velja má um ýmsar útfærslur og síðan eru eigendur eldri búnaðar ekki skildir eftir úti í kuldanum. Fjölbreytt úrval varahluta er á boðstólum sem og ýmsir uppfærslumöguleikar. Danska fyrirtækið Servodan hefur aðsetur í Sønderborg á Suður-Jótlandi og hefur hlotið mikla viðurkenningu fyrir ljósastýrikerfi og vaktbjöllur, sem nota má til að vakta verslunardyr, sýningarsvæði, bakdyr, stigauppganga o.fl. Þetta er öryggisbúnaður, sem kemur sér vel í dagsins önn.



Hitunarbúnaður og viftur.

Smith & Norland hefur selt rafmagnspilofna frá Siemens í Noregi um áratugaskeið og reynslan verði einstaklega góð, enda um gæðavöru að ræða. Auk þess er boðið upp á olíufyllta rafmagnsöfna frá Dimplex á Írlandi. Geislaofnar koma frá Energotech í Svíþjóð og hitablásarar frá Pyrox. Hitakútar frá Nibe í Svíþjóð fást í stærðum frá 15 lítrum upp í 500 lítra. Hér eru sannkallaðir gæðagripir á ferð sem henta jafnt fyrir sumarhúsið sem önnur híbýli. Við bjóðum gott úrval rafhitastrengja frá Nexans fyrir gólfhitun, snjóbræðslu í gangstéttum og til rennuhitunar. Þeir eru einnig kjörnir til að halda




vatnsinntaki frostfríu þar sem það á við. Vifturnar góðu frá Xpelair reka síðan lestina í þessum kafla.

Rofabúnaður og iðnstýringar.

Siemens framleiðir lágspennurofabúnað þar sem smekklegr hönnun, áreiðanleiki, mikil gæði og löng ending fara saman. Um er að ræða mótorsjálfrofa, segulrofa, hjálparliða, mótörvarnir, tímaliða, mjúkræsa ásamt margvíslegum fylgihlutum. Og upptalningin heldur áfram, því að ekki má gleyma hraðastillum, smástýriliðum, þrýstirofum og gaumljósum, stöðurofum, aflrofum og mótörrofum, álagsskilrofum, aðal- og neyðarrofum, spennum, raðtengjum og náðarnemum. Siemens er stærsti framleiðandi iðnstýrivéla í heiminum og hafa SIMATIC-iðntölvurnar frá Siemens í mörg ár mikið verið notaðar í margvísleg verkefni héraendis með einstökum árangri. LOGO!

smáiðnstýringarnar er sérlega auðvelt er að forrita og leysa þær mörg verkefni á einfaldan hátt. Loks bjóðum við einnig frá Siemens gott úrval aflgjafa og rafmagnsbak-hjarla.





Lýsingarbúnaður.

Smith & Norland er mjög öflugt á lýsingarsviði með lampa frá hinu þekktu sænska fyrirtækinu Fagerhult í öndvegi. Um er að ræða innfellda, áfellda og niðurhengda flúrlampa með ólíkum ljóshlífum, innfelld og áfelld niðurljós og ýmsar aðrar gerðir glæsilegra lampa. Í boði er einnig lýsingarbúnaður frá fleiri góðum fyrirtækjum, s.s. kastarabrautir frá Nordic Aluminium, ljóskastarar, flóðlýsingarkastarar og ýmsir aðrir lampar frá Lival, innfelldir halógenlampar frá Dorvil, útilampar frá Viokar, halógenlampar og tröppulampar í varnarflokki IP 65 frá Hoffmeister, götuluktir frá Siteco, rakaþéttir flúrlampar frá Schuch, neyðarlýsingarbúnaður frá Fagerhult og Van Lien, straumfestur og spennubreytar frá Vossloh, mikið úrval ljósapera frá Radium og loks ljósastryngar frá Servodan.

Hústjórnarkerfi.

Siemens hefur frá upphafi verið í fararbroddi við þróun og framleiðslu á *instabus* KNX *EIB*-hústjórnarkerfinu, sem er samstarfsverkefni margra framleiðenda rafbúnaðar. Í þessu kerfi eru tveir vírar, braut, lagðir að öllum einingum kerfisins sem síðan eru forritaðar miðað við þá virkni sem þær eiga að hafa. Auðvelt er að breyta þeirri forritun. Með þessu móti má meðal annars stýra ljósum, herbergishita, rimlagluggatjöldum, þakrennurennuhitun til frostvarnar, hitalögnum í stéttum og loftræstingu svo að nokkur atriði séu nefnd. Við bjóðum mjög fjölbreyttan búnað sem tengist þessu kerfi, enda hefur hann verið notaður í fjölmörgum bygg-ingum hér á landi.

Gamma wave er einfalt og þægilegt hústjórnarkerfi frá Siemens, sem einkum er ætlað til að breyta raflögn, sem þegar er til staðar í húsnæði. Kerfið er aðallega notað til að stýra lýsingu og gluggatjöldum.



Fjarskipta- og loftnetsefni.

Ætli Werner von Siemens hafi órað fyrir því árið 1848, ári eftir stofnun fyrirtækis síns, þegar hann stóð fyrir lagningu 500 km ritsímastrengs milli þýsku borganna Berlínar og Frankfurt am Main, að 160 árum síðar yrði fjarskiptatæknin í því horfi sem hún er nú?

Smith & Norland selur mjög gott lagnaefni frá fyrirtækinu VMC. Um er að ræða krosstengibretti, tölvu- og símatengla, símatengiefni, tengisnúrur Cat. 5e og Cat. 6, vírtengi, mælitæki, nettengispjöld og skipta, ljósleiðaratengisnúrur, ljósleiðaratengiskott, samtengisnúrur fyrir ljósleiðara, ljósleiðaratengi, ljósleiðarasamtengi, deyfiliði og margt fleira.

Þýska fyrirtækið Kathrein er mjög þekkt fyrir vandað loftnetsefni. Frá Kathrein höfum við á boðstólum sjónvarps- og útvarpsloftnet, aftappanir, tíðnigildir, deyfiliði, loftnetstengla, breiðbandsmagnara, blandara og ýmis mælitæki.

Mælitæki og verkfæri.

Réttar mælingar skipta miklu máli og leggur Smith & Norland sitt af mörkum til að svo megi verða með því að bjóða mælitæki af ýmsum gerðum. Má þar nefna mæla-stöðvar, mæliferjöld og merkjabreyta, straum-, spennu- og tíðnimæla í töflur, straumspenna fyrir töflumæla, snara, raflagnaprófunartæki, spennuprófara, fjölsviðsmæla, ampertangir, leiðniprofara, tenglaprófunartæki og ljósmæla.

Þýska fyrirtækið Haupa hefur á boðstólum mikið úrval verkfæra sem henta rafiðnaðarmönnum, s.s. skrúfjárn, afeinangrara, járnsagir, ýmsar gerðir tanga, verkfæratöskur, bora, lóðbretti, ídráttarfjadrir, innsigli og fleira.



Búnaður handa orkufyrirtækjum.

Siemens er með tvær stórar deildir á sviði orkuframleiðslu (PG - Power Generation) og orkuflutnings og -dreifingar (PTD - Power Transmission and Distribution). Auk þessa er Siemens meðeigandi í sjálfstæðu fyrirtæki sem sérhæfir sig í framleiðslu búnaðar fyrir vatnsaflsvirkjanir og heitir Voith Siemens Hydro Power Generation. Frá þessum aðilum útvegum við allan vél- og rafbúnað fyrir orkuver og orkuveitur hvort sem um er að ræða hverfla, rafala, afl- og dreifispenna, háspennurofa, háspennutengivirki eða liðavarnir.

Önnur þekkt vörumerki, sem Smith & Norland hefur á boðstólum, eru Nexans (rafstrengir), Cellpack (strengviðgerðarefni), Hubbell Power Systems (t.d. varhöldur frá AB Chance, eldingavavar og einangrarar frá Ohio Brass, tengiefni fyrir háspennulínur frá Anderson o.s.frv.), Westfälische Drahtindustrie (leiðarar fyrir háspennulínur), Ribe (tengiefni fyrir háspennulínur og -tengivirki), Argillon (einangrarar fyrir háspennulínur), ScandiDelux (götuluktir), Siteco (götuluktir), Landis + Gyr (varma- og raforkumælur), SebaKMT (búnaður til bilanaleitar fyrir orkuveitur), Catu (jarðbindibúnaður og öryggisverkfæri), Dehn (jarðbindibúnaður og öryggisverkfæri), Melbye Energi (jarðbindibúnaður og öryggisverkfæri), AUS Redskap (háspennustangir), SAB Elteknik (verkfæri), VP Metall (sprengimúffur) og þar fram eftir götunum.



Búnaður til að greina og stýra ferlum í iðnaði.

Siemens A&D PI (Process Instrumentation) framleiðir búnað til þess að greina, hafa eftirlit með og stýra ferlum í iðnaði. Sem dæmi má nefna þrýstiskynjara, hitaskynjara, flæðinema, hæðarnema, stjórnloka, stöðustilla, regla, vigtunarkerfi, skrifara og greiningarbúnað fyrir lofttegundir og vökva. Í áratugi hefur þessi búnaður verið notaður hérlandis með góðum árangri hjá vatnsveitum og hitaveitum og í vatnsafls- og jarðgufuvirkjunum, stóriðnaði, fiskvinnslufyrirtækjum, matvælaíðnaði, sundlaugum og þannig mætti lengi telja. Meðal gerðarheita, sem Siemens notar fyrir þennan búnað, er Sitrans P/T/F/L, Sipos, Sipart PS/DR, Siwarex, Sirec, Ultramat og Oxymat.



Þessi búnaður ásamt iðntölum frá Siemens uppfyllir flestar þarfir iðnfyrirtækja til greiningar og stýringar á ferlum og er með því besta sem er fánlegt á markaðnum.

Fjarskiptabúnaður.

Að sjálfsögðu liggur leiðin beint til Smith & Norland þegar fjarskiptabúnaður á í hlut. Í boði er flestur búnaður fyrir fjarskiptafyrirtæki, t.d. símsstöðvar, fjölsímabúnaður, ljósleiðarar og tengibúnaður.

Smith & Norland selur einkasímastöðvar frá Siemens fyrir heimili og allar stærðir fyrirtækja og stofnana undir heitinu HiPath. Þessar símsstöðvar eru að sjálfsögðu aðlagaðar IP-tækninni sem nú verður sífellt meira áberandi. Þráðlausu Gigaset-símarnir frá Siemens eru annálaðir fyrir gæði, Euroset-símtækin þekkja allir og farsímarnir frá Siemens eru nýttiskulegir gæðagripir.





Lækningatæki.

Lækningatæki til greiningar og meðferðar eru meðal þess búnaðar sem Smith & Norland hefur selt í árána rás, bæði frá Siemens og öðrum fyrirtækjum. Um er að ræða m.a. brjóstskoðunartæki, hjartaþræðingartæki, ómskoðunartæki, röntgentæki, segulómtæki, sneiðmyndataeki, tannlæknaþúnað, hjartarafrita, hjartastuðtæki, Holter-þúnað, hitalampa, skurðstofu- og skoðunarlampana, hljóðbylgjutæki, stuttbylgjutæki, öndunarvélar, heyrnartæki, blóðþrýstingsmæla, púlsmæla, þrekhljól og ýmislegt fleira. Rétt er einnig í þessu sambandi að minnast á sjúkrakallkerfin frá Zettler sem Smith & Norland hefur selt í marga áratugi.



Heimilistæki.

Heimilistækin frá Siemens gegna stóru hlutverki á heimilum landsmanna og hafa gert frá því að fyrstu Siemens eldavélarnar komu til landsins í byrjun fjórða áratugar 20. aldar. Þróunin hefur verið mikil frá þessum árdögum rafvæðingar á Íslandi en eitt hefur þó haldist óbreytt: Siemens heimilistæki eru glæsileg gæðavara sem sómi er að á hverju heimili. Hjá Smith & Norland fást öll helstu heimilistækin frá Siemens, en auk þess glæsileg tæki frá Bosch og Gaggenau. Frístandandi eldavélar, bakstursofnar til innbyggingar, helluborð, örbylgjuofnar, gufugleypar, uppþvottavélar, kæli- og frystiskápar, frystikistur, þvottavélar, þurrkarar, ryksugur, hrævivélar, brauðristar, kaffivélar og flest hin smátækin. Auk þess er í verslun okkar glæsileg lýsingardeild þar sem finna má falleg ljós fyrir íslensk nútímaheimili.



Nýi vörulistinn



er kominn út

*Rafiðnaðarmenn,
rafhönnuðir, arkitekta!*

Við segjum stórtíðindi.

Út er kominn nýr og stórglæsilegur vörulisti sem sýnir á yfir 500 síðum og í 13 litamerktum köflum hið mikla úrval raflagnaefnis og lýsingarbúnaðar sem við höfum á boðstólum. Komið í heimsókn og fáðið eintak af listanum.

*Hjá okkur
fæst allt
frá vöflujárni
til virkjunar.*



VÖRULISTI
Allir þættir lítrikrar þjónustu

**SMITH &
NORLAND**

**SMITH &
NORLAND**

Nóatúni 4 • 105 Reykjavík
Sími 520 3000 • www.sminor.is